

Sigfús Halldórs- son opnar sýn- ingu í dag

Sigfús Halldórsson, tónskáld opnar málverkasýningu á Kjarvalsstöðum í dag. Þar mun Sigfús sýna 137 myndir, sem flestar hafa verið málaðar tvö undanfarin ár.

Flestar eru myndirnar málaðar í olíu, en einnig eru þarna vatns-litamyndir, oliukrít, túss, pastel og blýantsteikningar.

Þótt Sigfús Halldórs-

son sé fyrst og fremst þekktur sem tónskáld, sem hefur lag á því að syngja sig inn í hjörtu landsmanna, fer því víðs fjarri að hann sé nokkur fúskari á myndlistarsviðinu.

Sigfús lærði á sínum tíma myndlist úti í Englandi, en auk málalistarinnar lagði hann einnig stund á leikmyndagerð.

Á sýningunni á Kjarvalsstöðum eru nokkrar myndir af leiksviðum, upphaflegu hugmyndirnar, sem síðan voru útfærðar á lifandi leiksviði.

Þá er á sýningu Sigfúsar sérstakur bás með myndum, sem Sigfús málaði á sínum fyrstu árum við nám í Englandi.

Þegar við litum inn á sýninguna í gær var verið að hengja



upp myndirnar. Þarna var Sigfús, ljúfur og sætur að vanda. Hann tók á móti okkur opnum örmum, bað upp á kók og sagðist vilja spila fyrir okkur lag og syngja fyrir okkur.

Sigfús segist vera Stór-Reyk-vingur. Sennilega kann hann ekki við að segja að hann sé Kópavogari. Auk þess er Sigfús

einn af þessum listamönnum okkar sem hefur svo mikið af Reykjavíkurbloði í æðunum, að það væri synd að rífa hann upp úr því umhverfi.

Sigfús hefur haldið margar sýningar og hann hefur aldrei átt í neinum erfiðleikum með að selja þær. Þær eru líka góðar

myndirnar hans Sigfúsar, frómt sagt, og auk þess er fjölbreyttni þeirra mikil, þannig að margir munu sennilega geta fundið þarna myndir, sem þeir vildu láta hanga í stofunni hjá sér.

Og auk þess, að því er Sigfús Halldórsson segir sjálfur, er verði myndanna stillt í hóf.

—BJ

Styrktarfélag vangefinna:

Fær 15 milljónir frá Hjálparstofnun kirkjunnar

til byggingar afþreyingarheimilis

Styrktarfélagi vangefinna hafa nú verið afhentar 15 milljónir króna til byggingar

afþreyingarheimilis fyrir vangefna. Fjárupphæð þessi safnaðist síðastliðið ár í tveimur

söfnunarferðum sem efnt var til af Hjálparstofnun kirkjunnar.

Takmark söfnunarinnar var að safna 70 krónum á hvert mansbarn í landinu og var því takmarki náð. Ýmis félagsamtök og starfshópar lögðu fram drjúgan skerf í þessa söfnun og þakkaði sr. Bragi Friðriksson formaður framkvæmdanefndar Hjálparstofnunarinnar þessum


aðilum veittan stuðning, við afhendingu fjárens. Ekki má gleyma fjölmörgum í þessu sambandi en meðan söfnun þessi stóð yfir birtust greinar í dagblöðum og þættir í útvarpi.

Afþreyingarheimili það er reisa á fyrir fjárupphæð þessa skal rísa á lóð Styrktarfélags vangefinna við Bústaðaveg í Reykjavík, sunnan við Bjarkarás. Heimilið mun eiga að rúma 24 vistmenn og ætlunin er að það taki við vistmönnum frá Lyngáasi og Bjarkar-

ási og veiti því betri og meiri kennslu en möguleiki er á þar.

Þær 15 milljónir sem afhentar hafa verið Styrktarfélaginu munu nægja í að gera húsið fókelt og standa vonir til að af því geti orðið næsta haust.

Arkitektar afþreyingarheimilisins eru þeir Helgi og Vilhjálmur Hjálmarssynir ásamt Reyni Vilhjálmsyni skruðgarðarkitekt.



VILJA VESTMANNAEY- INGAR HÆTTA AÐ REYKJA?

Næstu daga geta Vestmannaeyingar, sem vilja hætta að reykja (þakinn kominn í 255 krónur) tekið þátt í námskeiði, þar sem þeim verður kennt hvernig þeir geta losað sig við þennan ósið.

„Viltu hætta að reykja“ er námskeiðið kallað, en það verður haldið í Félagsheimilinu við

Heiðarveg dagana 9. til 13. þessa mánaðar. Stjórnandi verður Sigurður Bjarnason, prestur, og með honum er Hallgrímur Magnússon, læknir.

Námskeiðið verður hvert kvöld fyrrnefnda daga og hefst klukkan 20:30. Innritun og upplýsingar eru í síma 1167 og 1439 í Vestmannaeyjum.

Fríð byrjar um leið og komið er á Hótel Loftleiðir



Notalegur bar. Hárgreiðslu-, snyrti- og rakarastofur.

Morgunkaffi í ró og næði. Ekkert basl með töskur og leigubíla snemma morguns - héðan er haldið beint á flugvöllinn.



Þeir sem eru að fara utan bæta heilum degi við fríð með því að gista hjá okkur - eina hótelinu með sundlaug og sauna baði. Veitingar í Blómasal alla daga.

Hótel Loftleiðir er heill heimur út af fyrir sig.

**HÓTEL
LOFTLEIÐIR** Sími 22322